

Kæra forráðafólk í Garðaskóla

Verkfræðistofan Mannvit fór í sýnatökur, eftirlit og eftirfylgni vegna rakaskemmda í Garðaskóla. Sýnataka fór fram í byrjun mars og í dag fengum við niðurstöðurnar. Þær benda til þess að loka þurfi 5 stofum og bókageymslu vegna rakaskemmda eða vegna þess að skoða þurfi þær nánar. Bæjaryfirvöld leggja áherslu á að grípa til aðgerða strax til að tryggja öryggi starfsfólks og nemenda en Garðabær vinnur náíð með Mannvit sem heldur utan um sýnatökur og aðgerðir.

Því erum við búin að bregðast við og höfum ákveðið að loka rýmum sem um ræðir og hefja heildarúttekt á skólahúsnæðinu. Það er lán í óláni að þessar niðurstöður komi í páskafríinu, en við getum þá endurskipulagt skólastarfið og munum upplýsa ykkur um nánari tilhögun fyrst. Fyrsta skref í verkferli bæjarins var sýnataka, bæði DNA ryksýnataka og efnissýnataka. Næst þarf að hreinsa stofur, fara í frekari rannsóknir og hefjast svo handa við framkvæmdir á þeim svæðum þar sem mygla hefur greinst. Bærinn grípur til þessara lokana þrátt fyrir að mygla hafi ekki greinst í öllum stofunum þar sem ástæða er talin til að skoða sum svæðin betur. Stofa 200 (sérkennslustofa) stofa 203 (lítil tölvustofa), textílstofan, tónlistarstofan, myndlistarstofan og bókageymsla á 2. hæð verða lokaðar.

Boðað verður samráðsfundar bæjarins með foreldrafélaginu og fulltrúum starfsmanna eftir páska. Við munum senda ykkur reglulega upplýsingapósta og leyfa ykkur að fylgja með aðgerðum og greina frá því þegar ítarlegri niðurstöður liggja fyrir.

Næstu skref samkvæmt verklaginu:

- Stofunum og rýmum sem um ræðir verður lokað með loftþéttri lokun á meðan viðgerðir og þrif standa yfir.
- Rými sem um ræðir verða skoðuð nánar.
- Í kjölfarið verður lagst í heildarúttekt á ástandi skólans. Hér fyrir neðan eru upplýsingar um hvað felst í heildarúttekt á skólanum.
- Þá verður ráðist í endurbætur þar sem þörf er á.
- Strax eftir lagfæringar verður svo ráðist í víðtæk þrif.
- Að lokum mun Mannvit sjá um eftirfylgni en sýnataka fer aftur fram 2-3 mánuðum eftir að viðgerðum er lokið.

Ykkur er velkomið að hafa samband ef spurningar vakna er varða skólahald eða aðgerðir sem verður farið í á skólahúsnæðinu. Hér má nálgast upplýsingar um verklag bæjarins vegna rakaskemmda: <https://www.gardabaer.is/umhverfi/byggingarmal-og-framkvaemdir/framkvaemdir/endurbaetur-vegna-rakaskemmda/>

Upplýsingar veita:

Jóhann Skagfjörð, skólastjóri Garðaskóla, johannmagn@gardabaer.is
Edda Björg Sigurðardóttir, deildarstjóri grunn- og

tónlistarskóla,eddabsig@gardabaer.is

Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs,gudbjorgbra@gardabaer.is

Um heildarúttekt

- Í heildarúttekt eru öll rými húsnæðisins ítarlega skoðuð ásamt þakrýmum til að meta hvort rakavandamál séu til staðar. Byrjað er á að sjónskoða öll rými og leitað eftir ummerkjum um mögulegar rakaskemmdir, um leið er framkvæmd rakaskimun með snertirakamæli á byggingarhlutum til að kanna möguleika á raka. Einnig er hitamyndavél notuð í úttektinni til að leita eftir kuldrúum og ummerkjum eftir raka. Þessi skoðun ásamt ábendingum frá starfsfólki og aðstandendum nemenda um mögulegan grun um rakaskemmdir í ákveðnum rýmum gefur starfsmönnum Mannvits fyrstu vísbendingarnar um ástand húsnæðisins.
- Út frá þessum vísbendingum er ákveðið hvar og hvernig sýni eru tekin. Efnissýni eru tekin úr grunsamlegum byggingarhlutum til þess að staðfesta hvort örveruvöxt sé til staðar í byggingarefninu eða ekki. Ryksýni og/eða DNA sýni eru tekin til að meta hvort vísbendingar um örverur (bakteríur, svepphlutar og gró) úr rakaskemmdu byggingarefni finnist í uppsöfnuðu ryki. Með þessari sýnatöku er leitað vísbendinga um það hvort mengun eins og lýst er ofar, hafi dreifst um rými sem sýni er tekið úr, eða ekki og þar með hvort innloft rýmisins hafi innihaldið örverur frá rakaskemmdum sem gætu hafa haft áhrif á heilsufar notenda rýmisins eða ekki. Finnist vísbendingar um mengun frá rakaskemmdum í ryki er almennt mikilvægt að skilja hverjar orsakir þess eru og skoða rýmið betur til að útiloka nýjar eða eldri rakaskemmdir.
- Í kjölfar niðurstaðna sýnatöku er metið hvort ástæða sé til frekari úttektar og sýnatöku. Ef mengun greinist í efnissýnum er einnig farið í frekari sýnatöku til að meta umfang mengunar í byggingarhlutanum og hann opnaður ef þörf er talin á.